Tónlistarhús | Mikil óánægja tónlistarfólks kemur fram í fjöldaáskorun

„Óttast að Tónlistarhúsið verði ekki miðpunktur tónlistarlífsins“

Við óttumst að það stefni í að hið fyrirhugaða Tónlistarhús verði á endanum ekki tónlistarhús, heldur fjölnota menningarhús, þar sem ráðstefnur og alls kyns menningarlegar uppákomur verði metnar til jafns við tónleikahald atvinnumanna í tónlistarlífinu,“ segir Kjartan Ólafsson, formaður Tónskáldafélags Íslands og talsmaður breiðs hóps af tónlistarfólki, tónleikahöldurum og tónleikagestum, sem skrifað hafa undir áskorun til forsvarsmanna Tónlistarhússins um að taka til greina óskir þessa hóps um tónleikasal sem sniðinn sé að þörfum þeirra.

„Þegar horft er til tónlistarlífsins í Reykjavík og nágrenni þá blasir við að 90 prósent allra tónleikanna eru sóttir af 60–160 manns. Í umræðunni um tónlistarhúsið á undanförnum árum og áratugum hefur ítrekað verið óskað eftir því að í fyrirhuguðu Tónlistarhúsi verði 200 manna kammersalur, eingöngu ætlaður til tónleikahalds, með rúmgóðu sviði og góðum hljómburði. Okkur hefur ávallt verið svarað með því að tillit verði tekið til óska okkar og ábendinga og samráð verði haft við okkur. Þetta hefur ekki verið gert og nú blasir við í útboðsgögnum, sem lögð hafa verið fram, að hvergi er gert ráð fyrir sal af þessari stærð heldur er 450 manna salnum ætlað að mæta þessari þörf, jafnhliða því að verða aðalæfingasalur Sinfóníuhljómsveitarinnar og vettvangur fyrir ýmsa aðra viðburði. Við teljum að með þessu verði Tónlistarhúsið ekki sá miðpunktur tónlistarlífsins sem því er ætlað þar sem ekki er gert ráð fyrir sal sem hýsir megnið af því tónleikahaldi sem fer fram á Reykjavíkursvæðinu,“ segir Kjartan og vísar til skýrslu sem Þórunn Sigurðardóttir og Svanhildur Konráðsdóttir unnu fyrir stjórn Austurhafnar á síðasta ári og var nýverið gerð opinber.

„Þar kemur skýrt fram að Tónlistarhúsinu er ætlað fjölbreytilegt menningarlegt hlutverk, jafnvel svo að tónleikahald verði ekki nema hluti af starfseminni og kannski ekki sá mikilvægasti. Segja má að þarfir hússins séu ekki skilgreindar með tónlistarlífið í huga fyrst og fremst, heldur alls kyns fundi og ráðstefnur, nánast ferðaþjónustu frekar en tónlistarlífið.“

Í skýrslu þeirra Þórunnar og Svanhildar segir m.a.: „*Þrátt fyrir að fjölbreytt nýting á rýmum TRH (Tónlistar- og ráðstefnuhúss) sé rekstrarleg nauðsyn, er mikilvægt að horfast í augu við vankanta slíkrar fjölnýtingarstefnu. Mun skýrari stefna þarf að liggja fyrir um starfsemi húss sem rúmar svo fjölbreytta starfsemi en einfaldari rekstrar sem takmarkast t.d. við sinfóníuhljómsveit. Hér verður um að ræða tónlistarstarfsemi og menningarviðburði af ýmsum toga, ráðstefnuhald og fundi, fyrirlestra, vörukynningar og sýningar, verðlaunaafhendingar, útskriftarathafnir, aðalfundi og jafnvel mögleika á kvikmyndasýningum, t.d. í tengslum við kvikmyndahátíðir. Einnig eru fjölmörg tækifæri til að nýta anddyri og önnur opin rými fyrir einfaldari viðburði, sýningar og móttökur.*“

Síðar segir: „*Svo sveigjanlegt hús býður upp á spennandi rekstur en hefur ekki sjálfkrafa skýrt svipmót sem mótast af þeirri meginstofnun sem það hýsir, t.d. sinfóníuhljómsveit. Alþjóðleg reynsla sýnir hins vegar að höfuðvandi fjölnota húsa af ýmsu tagi er tilhneiging til að verða sviplaus og sálarlaus; lítið annað en skel utan um misgóða viðburði. Afar brýnt er að húsið ödlist „sál“, andrúmsloft og ímynd sem gerir það aðlaðandi fyrir notendur og gesti.*“

Ekkert samráð við tónlistarfólk

„Þegar talað er um að samráð hafi verið haft við lykilfólk í tónlistarlífinu varðandi undirbúning Tónlistarhússins þá spyr maður sig hvort allir helstu tónlistarmenn landsins og forsvarsmenn allra helstu tónlistarhópanna séu ekki þar á meðal en auk Vladimírs Ashkenazys, sem skrifar fyrstur undir áskorunina, má sjá nöfn forsvarsmanna Kapúthópsins, Kammersveitar Reykjavíkur, Mótettukórs Hallgrímskirkju, Hamrahlíðarkórsins, Ísafoldar, Kamerarctica, Voces Thules, Scola Cantorum, Hnjúkaþeys, Tríós Reykjavíkur, Karlakórsins Fóstbræðra ásamt forsvarsmönnum einleikarafélaga á Norðurlöndum, Myrkra músíkdaga og KaSa-hópsins.



Morgunblaðið/Eyþór

„Áskorunin er okkar síðasta hálmstrá til að vekja athygli á sjónarmiðum tónlistarfólksins,“ segir Kjartan Ólafsson, formaður Tónskáldafélags Íslands og talsmaður undirskriftasöfnunar um kammersal í Tónlistarhúsinu.

Þetta eru þeir sem skrifa undir áskorunina og ekki hefur verið hlustað á þeirra sjónarmið fram að þessu. Þess vegna er áskorunin okkar síðasta hálmstrá til að vekja athygli á sjónarmiðum tónlistarfólksins, þeirra sem í rauninni bera uppi það tónlistarlíf sem væntanlega á að fara fram í húsinu.“

– Um hvað var ekki haft samráð við ykkur?

„Um það hvernig þetta tónlistarhús lítur út samkvæmt útboðsgögnum og hvernig skýrsla Þórunnar og Svanhildar lýsir væntanlegri notkun hússins.“

– Fram að þessu hefur öll áhersla í umræðunni um Tónlistarhúsið snúist um hvort þar verði hægt að sviðsetja óperur með viðeigandi hætti. Nú er aðalatriðið skyndilega að í húsið vanti 200 manna kammersal. Hvers vegna hefur ekki verið bent á þetta fyrr?

„Það var bent á þetta en síðan datt það upp fyrir aftur. Við bentum á það fyrir ári síðan á málþingi í Íslensku óperunni sem Stefán Hermannsson og stjórn Austurhafnar stóðu fyrir, að í húsið vantaði sal af þessari stærð. Okkur var svarað að tillit yrði tekið til okkar sjónarmiða og reyndar hefur það svar verið gefið ítrekað síðan. Það hefur síðan ekki skilað sér lengra en raun ber vitni.“

Stefán Hermannsson, stjórnarformaður Austurhafnar, segir í Morgunblaðinu í gær:

„*Eins og ég sagði á fundinum með Tónskáldafélaginu finnst mér 450 sæta salurinn sem við erum með inni í áætluninni, sem er kallaður æfinga- og kammermúsíksalur, henta ágætlega fyrir þetta. Hann verður bæði fallegur og með svo góðum hljómburði að í slíkum sal finnst manni maður ekki vera í svo stórum sal.*“

Er þetta ekki fullnægjandi að ykkar mati?

„Þessi salur er of stór hvað svo sem Stefán segir um hið gagnstæða. Í öðru lagi þá geta tónleikahaldarar ekki leigt svo stóran sal fyrir tónleika af þeirri stærðargráðu sem algengastir eru á Reykjavíkursvæðinu. Það er líka algerlega óljóst af hálfu Austurhafnar hvernig á að reka svona sal. Við erum að tala um allt að 300 tónleika af þessari stærð á ári. Eiga þeir að vera í þessum sal ásamt því að hann verði aðalæfingasalur Sinfóníunnar og vera leigður út til alls kyns annarra aðila að auki? “

– Óttist þið að komast ekki að?

„Já, að það verði ekki rekstrarlega hagkvæmt að fá tónlistina inn í salinn. Aðrir aðilar með annars konar starfsemi muni borga betur. Tónlistarlífið er ekki samkeppnisfært við viðskiptalífið um leigu á húsnæði til kynninga og fundahalda.“

Tækifærið að renna okkur úr greipum

– Þið viljið fá þriðja salinn í húsið en ekki að 450 sæta salurinn sé gerður að 200 manna sal?

„Já, við teljum að þörfin fyrir þriðja salinn, 200 sæta kammersal, sé alveg augljós og án hans verði þörfum tónlistarlífsins ekki mætt. Einhvern tíma var gert ráð fyrir honum en það er búið að þvæla svo mikið með þetta mál að allflestir eru hreinlega búnir að gefast upp á því að reyna að hafa áhrif. Að óbreyttu mun megnið af tónlistarlífinu ekki fara inn í þetta hús.“

Í áskoruninni eru eftirfarandi óskir settar fram:

Að í fyrirhuguðu Tónlistarhúsi verði 200 manna einleiks- og kammersalur eingöngu ætlaður til tónleikahalds með rúmgóðu sviði og góðum hljómburði.

Að tónleikahöldurum verið gert fjárhagslega kleift að leigja þann sal til tónleikahalds.

Að forsvarsmenn Tónlistarhússins taki til athugunar möguleika á samnýtingu Tónlistarhússins við fyrirhugaða byggingu Listaháskóla Íslands.

Með þessu færi stærsti hluti íslensks tónlistarlífs fram í Tónlistarhúsinu og yrði húsið þar með miðpunktur í íslensku menningarlífi á sviði tónlistar.

„Þetta er auðvitað það sem við viljum að gerist og hefur verið draumur okkar allra sem barist höfum árum og áratugum saman fyrir byggingu Tónlistarhússins. Við bendum einnig á samlegðaráhrifin af því að tengja saman starfsemi Listaháskólans við Tónlistarhúsið og hvernig tónleikasalir, bóka- og hljóðfærasafn gæti nýst ásamt mörgu fleira. En á þetta hafa forsvarsmenn Tónlistarhússins ekki viljað hlusta.

Nú finnst okkur eins og tækifærið sé að renna okkur úr greipum,“ segir Kjartan Ólafsson, formaður Tónskáldafélags Íslands.

havar@mbl.is

Ruddalegt skop

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsið

Gisp!

Opið alla daga frá 10–17. Sýningu lýkur 24. apríl.

MYNDASÖGUR eru ævagamalt fyrirbæri. Frásagnir í myndum eins og forfeður okkar hafa sett fram á hellisveggi, á kirkjuglugga, á refla og svo má lengi telja. Myndasagan sameinar ritlist eða frásögn og myndlist eða sjónlistir. Hún er því vinsæl á Íslandi þar sem frásagnarhefðin er rótgróin í þjóðarvitundina. En það er samt sem áður ekki mjög áberandi „kúltúr“ í kringum myndasögur hvað varðar útgáfu og umræðu, þótt finna megi þá menningu hér eins og annars staðar. Fyrir tíð Gisp!-hópsins voru nær allar myndasögur á Íslandi þýddar vinsælar bækur frá Frakklandi og Belgíu, gefnar út af Fjölva og Iðunni fyrir ungan lesendahóp. Fáu var stefnt til eldri lesenda, nema kannski helst Viggó viðutan. Íslenskar skopmyndir eftir listamenn á borð við Sigmund, Ragnar Lár o.fl. birtust á síðum dagblaða og Bandormurinn baksaði við að gefa út einhverjar íslenskar myndasögur með misjöfnum árangri. Gisp! var stofnað árið 1990 af þeim Halldóri Baldurssyni, Þórarni Leifssyni, Braga Halldórssyni, Jóhanni L. Torfasyni, Þorra Hringssyni, Ólafi J. Engilbertssyni og Bjarna Hinrikssyni. Var markmið hópsins að koma lífi í íslenska myndasögugerð og leituðu þeir til listamanna víðsvegar að sem fengust við slíkt listform bæði á forsendum myndlistar og frásagnar með myndasögugerð. Í þá daga var myndasagan nokkuð fyrirferðarmikil í myndlistinni og birtist í málverkum og veggjakroti eftir alþjóðlegar stjörnur myndlistar eins og Keith Haring og Jean-Michel Basquiat.

Útgáfa Gisp!-blaða hefur oftar en ekki verið samhliða sýningum þar sem tvinnað er saman myndasögum og myndlist. Það er því vel við hæfi að stærsta sýning hópsins til þessa skuli nú vera haldin í Hafnarhúsinu. En safnið er, eins og flestir vita, tileinkað Erró sem er þekktur fyrir að nota myndasögur í málverk sín. Er Erró-salurinn nú tileinkaður myndasögum í verkum listamannsins og er í raun hluti af sýningu Gisp!

Sýningin heitir „Nían“ og samhliða sýningunni var gefin út níunda bók Gisp! Er þetta sögulegt yfirlit í bland við nýjar myndasögur og enn og aftur eru mörk myndasagna og sjónlista skoðuð enda ágreiningsmál hvort myndasagan ein og sér eigi erindi í sýningarsali þegar hún nýtur sín langbest í bókaforminu. Því er þó ekki að neita að áherslan er ríkari á myndasögugerðina en sjónlistina. Einn salur er tileinkaður Art Spiegelman, sem er konungur í greininni, brautryðjandi í pólitískt áleitnum myndasögum og sá eini í heiminum sem hlotið hefur Pulitzer-verðlaun fyrir myndasögu. Einnig sjáum við verk eftir Dave McKean, höfund The Sandman. Við sjáum hins vegar enga konunga í samtímalistum. Reyndar eru þarna verk eftir myndlistarmenn á borð við Milan Kunc, Jan Knap og Peter Angermann. En þau eru fengin að láni úr einkasafni Helga Þorgils Friðjónssonar og setja ekki eins mikinn svip á sýninguna eins og Art Spiegelman og Dave McKean gera. Eflaust er ástæðan sú að sýningarstjórinn, Bjarni Hinriksson er úr myndasögugeiranum og hefur þá átt betri aðgang að mönnum eins og Spiegelman og McKean og kannski bara meiri áhuga. Hefur Bjarni vissulega gert vel að fá verk eftir Spiegelman, McKean o.fl. Það er frábært að sjá frummyndir eftir slíka listamenn og kynnast aðferðum þeirra nánar.



„Frábært að sjá frummyndir eftir slíka listamenn,“ segir í umsögn um Níuna.

„Nían“ er hamslaus sýning og skemmtileg að sjá. Ég hef skoðað hana í tvígang og mun vafalaust heimsækja hana aftur, enda mikið að meðtaka og margir fletir að huga að. Bókin sérlega eigulegur gripur enda ekki hefðbundin sýningarskrá heldur sjálfstætt 204 blaðsíðna verk, uppfullt af samfélagslegum ádeilum, fræðandi greinum og ruddalegu skopi.

Jón B.K. Ransu